

## ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2018/666

2019/EES/15/28

frá 27. apríl 2018

**um breytingu á ákvörðun 2014/312/ESB að því er varðar gildistíma vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss***(tilkynnt með númeri C(2018) 2479) (\*)*

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 frá 25. nóvember 2009 um umhverfismerki ESB <sup>(1)</sup>, einkum 2. mgr. 8. gr.,

að höfðu samráði við umhverfismerkinganefnd Evrópusambandsins,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Gildistími núverandi vistfræðilegra viðmiðana við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss, sem og fyrir tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun, sem er settur fram í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB <sup>(2)</sup> rennur út 28. maí 2018.
- 2) Unnið hefur verið mat sem staðfestir mikilvægi núverandi vistfræðilegu viðmiðananna og það hversu viðeigandi þær eru, sem og tilheyrandi krafna um mat og sannprófun sem komið var á með ákvörðun 2014/312/ESB. Því er rétt að framlengja gildistíma þessara viðmiðana og krafna um mat og sannprófun.
- 3) Því ætti að breyta ákvörðun 2014/312/ESB til samræmis við það.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 66/2010.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

Í stað 4. gr. ákvörðunar 2014/312/ESB komi eftirfarandi:

*„4. gr.*

Vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn „málning og lökk til nota innan- og utanhúss“ og tilheyrandi kröfur um mat og sannprófun skulu gilda til 31. desember 2022.“

*2. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 27. apríl 2018.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Karmenu VELLA

*framkvæmdastjóri.*

---

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjttð. ESB L 111, 2.5.2018, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/2018 frá 6. júlí 2018 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjttð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

(2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/312/ESB frá 28. maí 2014 um vistfræðilegar viðmiðanir við veitingu umhverfismerkis ESB fyrir málningu og lökk til nota innan- og utanhúss (Stjttð. ESB L 164, 3.6.2014, bls. 45).